

Nefndasvið Alþingis,  
Austurstræti 8-10,  
150 Reykjavík

**Alþingi**  
**Erindi nr. Þ 135/570**  
**komudagur 30.11.2007**

**Athugasemdir Símans hf. við frumvarp til laga um samræmda neyðarsvörun, þskj. 205 – 191. mál.**

**1.0. Tilvísun**

Vísað er til bréfs allsherjarnefndar Alþingis, dags. 15. október 2007, þar sem Símanum hf. er gefin kostur á því að gera athugasemdir við frumvarp til laga um samræmda neyðarsvörun, hér eftir nefnt frumvarpið.

**2.0. Athugasemdir Símans hf.**

**2.1. Athugasemdir við 8. gr. frumvarpsins – jöfnunarsjóður fyrir alþjónustu**

Í 8. gr. frumvarpsins er fjallað um rekstur vaktstöðvar samræmdrar neyðarsvörunar. Í 3. mgr. 8. gr. kemur fram að kostnaður við uppbyggingu og rekstur vaktstöðvar skuli, að því marki sem hann er ekki greiddur af tekjum fyrir þá þjónustu sem vaktstöðin veitir, greiddast úr ríkissjóði, m.a. með hluta af jöfnunargjaldi sem innheimt er á grundvelli fjarskiptalaga.

Tilgangur jöfnunargjalds sem lögfest er í fjarskiptalögum er að fjármagna alþjónustu. Alþjónusta er skilgreind í 6. tl. 3. gr. fjarskiptalaga nr. 81/2003 sem: „*Afmarkaðir þættir fjarskipta af tilteknum lágmarksgæðum sem boðnir eru öllum notendum á viðráðanlegu verði, óháð landfræðilegri staðsetningu þeirra*“. Rekstur vaktstöðvar fyrir samræmda neyðarsvörun telst ekki til alþjónustu.

Fjallað er um alþjónustu og fjármögnun alþjónustuskyldna í VI. kafla tilvitnaðra fjarskiptalaga og II. kafla tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2002/22/EB um alþjónustu og réttindi notenda að því er varðar rafræn fjarskiptanet og -þjónustu (alþjónustutilskipun). Tilskipunin hefur verið innleidd í landsrétt í samræmi við skuldbindingar Íslands sem leiða af samningnum um evrópska efnahagssvæðið.

Í 1. mgr. 22. gr. fjarskiptalaga segir: „*Til að standa straum af greiðslu fjárframlaga samkvæmt þessum kafla skal innheimta jöfnunargjald sem rennur í jöfnunarsjóð í vörslu Póst- og fjarskiptastofnunar*.“ Ákvæðið er innleitt með hliðsjón af tilvitnaðri alþjónustutilskipun sem kveður á um að einungis megi nota það fé sem fæst til að fjármagna alþjónustuskyldur útnefnds fjarskiptafyrirtækis til að bæta því það tjón sem útnefnt fyrirtæki verður fyrir ef skylda til að veita alþjónustu telst óeðlilega þung byrði á útnefndu fyrirtæki, sbr. m.a. 13. gr. alþjónustutilskipunarinnar. Áform um að nota jöfnunarsjóð til að fjármagna samræmda neyðarsvörun stangast því á við það regluverk sem gildir um alþjónustu og fjármögnun hennar.

Verði frumvarpið að lögum óbreytt mun því verða lögfest að jöfnunarsjóður sem er komið sérstaklega á fót til að fjármagna nánar skilgreindar alþjónustuskyldur verður notaður til að fjármagna þjónustu sem ekki telst til alþjónustu. Slíkt lagaákvæði fer því gegn ákvæðum VI. kafla fjarskiptalaga um alþjónustu auk þess sem lagasetningin færi gegn EES-samningnum af sömu ástæðu. Er því lagt til að

orðin „m.a. með hluta af jöfnunargjaldi sem innheimt er á grundvelli fjarskiptalaga“ verði felld út úr frumvarpstextanum.

Í greinargerð með 3. mgr. 8. gr. frumvarpsins segir jafnframt að hlutdeild sveitarfélaga í kostnaði hafi verið felld niður. Síminn gerir athugasemd við það og mótmælir því að sú byrði verði lögð á fjarskiptafyrirtæki með þeim hætti sem lagt er til í frumvarpinu.

### **2.2. Samkeppnisstarfsemi verði ekki niðurgreidd með verndaðri starfsemi**


Neyðarlínan hf., sem rekur vaktstöð fyrir samræmda neyðarsvörun, hefur nýverið hafið þátttöku í samkeppni á farsímamarkaði með því að bjóða Tetraþjónustu á almennum markaði. Sú starfsemi er í beinni samkeppni við langdræg farsímakerfi Símans svo sem NMT og önnur kerfi sem munu taka við af því. Auk þess sem framboð á Tetraþjónustu hefur einnig áhrif á markaðinn fyrir skammdræga farsímaþjónustu. Til að eyða allri tortryggni um það að fé sem er ætlað til verndaðrar starfsemi sé notað í starfsemi á almennum samkeppnismarkaði leggur Síminn hf. til að nýju ákvæði verði bætt við sem 4. mgr. 8. gr. frumvarpsins. Ákvæðið gæti verið svohljóðandi:

*„Rekstraraðila vaktstöðvar fyrir samræmda neyðarsvörun er óheimilt að stunda almenna samkeppnisstarfsemi nema rekstur þeirrar starfsemi fari fram í sérstöku félagi.“*

### **3.0. Niðurlag**

Telji allherjarnefnd Alþingis þörf á er Síminn hf. reiðubúinn skýra og rökstyðja þau atriði frekar sem að framan eru rakin, hvort sem slíkt ætti sér stað með skriflegum hætti eða á fundi nefndarinnar.

Virðingarfyllst,  
f.h. Símans hf.,



Hallmundur Albertsson, hdl.